

**VERSLUNARMANNAFÉLAG HÚNVETNINGA**  
Þverbraut 1, 540 Blönduós. Sími: 4524932

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1888*

*komudagur 19/4 1996*

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Kristín Ástgeirsdóttir

Verslunarmannafélag Húnvetninga hefur kynnt sér frumvarp um breytingu á lögum nr: 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á fundi í stjórn félagsins þann 15. apríl s.l. var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Ljóst er að frumvarpið er alvarleg íhlutun í innri mál stéttarfélaga. t.d. virðist það eitt megin markmið frumvarpsins að færa völd og áhrif frá þeim félagsmönnum sem mæta á fundi félaganna, til þeirra sem heima sitja og mæta ekki. Þá er vald sáttasemjara gert ótrúlega mikið.

Verslunarmannafélag Húnvetninga skorar því á félagsmálanefnd alþingis að vísa frumvarpinu frá eða gefa ríkisstjórninni kost á að draga það nú þegar til baka og gefa aðilum vinnumarkaðarins kost á að klára samninga um samskiptareglur á vinnumarkaðinum.

F.h. Verslunarmannafélag Húnvetninga

*Lilja Jóhanna Arnadóttir*  
Lilja Jóhanna Arnadóttir

Afrit sent: Ráðherrum, öllum þingmönnum og A.S.Í.